



Alþingi
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndaritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009
Tilvísun: HI09060031/0.3

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Háskólinn sem slíkur tekur ekki afstöðu til efnisatriða frumvarpsins. Leitað var eftir sjónarmiðum um frumvarpið frá þremur fræðasviðum Háskólans, Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði og enn fremur sérstaklega frá Líf- og umhverfisvísindadeild á Verk- og náttúruvísindasviði.

Heilbrigðisvísindasvið gerir ekki athugasemdir og hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

Hugvísindasvið gerir ekki athugasemdir.

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sendi inn sín sjónarmið um frumvarpið og fylgja þau hér með. Sömmuleiðis fylgja með sjónarmið námsbrautarstjóra í líffræði við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Rétt er að taka fram að einstakir vísindamenn HÍ kunna að senda inn sín sjónarmið um frumvarpið og gera verður ráð fyrir að ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur hljóti að fá frumvarpið umfjöllunar.

Virðingarfyllst
f.h. háskólarektors

Amalía Skúladóttir
skrifstofustjóri kennslusviðs

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 18/1996, um erfðabreyttar lífverur

Frá Kristínu Völu Ragnarsdóttur
forseta Verk- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

Tillögur um lagabreytingar

Viðá er vitnað í gerð mats eða mat á umhverfisáhættu (e.g. 6. grein; 7. grein c.c; 8. grein; 10 grein; 12. grein) og að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði. Ég tel að hvað felist í umhverfisáhættumati skuli fylgja lögnum sem viðauki (samanber 6. grein og viðauka II og 13. grein og viðauka III og IV í Directive 18/2001 sem lýsir hvað umhverfisáhættumat feli í sér og hvaða upplýsingar umsækjanda beri að leggja fram) en vera ekki í sér ráðherrareglugerð. Þetta umhverfisáhættumat felur m.a. í sér að gera grunnrannsóknir á míkro- og makróvistkerfinu, áður en að sleppingu kemur og á meðan á tilraunum stendur. Þróa þarf próf, svo sem "DNA PCR" (polymerized chain reaction) og "strip test" – til að athuga megji á auðveldan hátt hvort genbreytingar hafi átt sér stað í lífríkinu.

Er gengið nógu langt í þessum lagabreytingum?


Breytingar á lögum um ræktun genbreyttra lífvera á Íslandi mun hafa mikil áhrif á ímynd landsins útávið. Nýlega hefur ákvörðunartaka um að veiða hval haft þau áhrif að búðir, búðakeðjur og stórmarkaðir beggja vegna Atlandshafsins hafa tekið íslenska vörum úr hillunum – þar á meðal fisk, skyr, vatn. Það er kominn tími til þess að við ákveðum sem þjóð hvort við viljum nýta okkar auðlindir á sjálfbæran máta eða hvort við viljum vaða áfram á "2007" máta og líta ekki á ímynd okkar erlendis.

Ísland vill gjarnan "markaðssetja" landið sem hreint, tært og umhverfisvænt. En ef við förum út í að rækta genbreyttar lífverur úti, þá er þessi ímynd farin. Það kemur til með að hafa áhrif á ferðamennsku og markaðssetningu erlendis, og einnig hvaða vöru almenningur erlendis kaupir frá Íslandi.

ESB hefur aldrei leyft útiræktun erfðabreyttra lyfja- eða iðnaðarplantna til framleiðslu fyrir markað. Evrópusambandið leyfir aðeins ræktun einnar tegundar erfðabreyttra plantna til framleiðslu fyrir markað. Þetta er fóður- og matjurtin Mon 810 maís en nú hafa Austurríki, Frakkland, Grikkland, Holland, Sviss, Ungverjaland og Þýskaland bannað ræktun þess. Þessar ákvarðanir eru byggðar á rannsóknum tuga vísindamanna. T.D. sýndu ungverskir vísindamenn fram á að ræktun genbreytts maís vali því að gerlagróðurinn eyðileggst í jarðveginum. Þegar gerlagróðurinn er farinn þá er jarðvegurinn ófrjór og til einskis nýtur.

Nú hafa lönd og landsvæði í Evróðu lýst sig "GMO-free" og hér ætti Ísland að hugsa málið vandlega áður en vaðið er út í enn eitt ævintýrið (Mynd 1).

GMO-free areas in the EU As of April 2008



Mynd 1. Yfirlit yfir svæði og lönd í Evrópu þar sem ræktun á genbreyttum lífverum er ekki leyfð.



LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS

Sturlugðtu 7, 101 Reykjavík

Sími: 525 4627

Bréfasími: 525 4069

18. júní 2009

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996.

Breytingartillögur frumvarpsins eru almennt til bóta, einkum hvað varðar betra upplýsingaflæði og aðkomu almennings. Þessar breytingar munu reyna á málefnalega og vísindalega umfjöllun, einkum hvað varðar varúðarregluna svonefndu, en túlkun hennar veldur gjarnan deilum. Af lagasetningu og umfjöllun á alþjóðavettvangi er ljóst að varúðarreglan er m.a. reist á ríkjandi vísindalegri afstöðu, eða bestu fáanlegri vísindalegri þekkingu. Þetta er gjarnan orðað á þann veg að séu ekki vísindaleg rök fyrir því að framkvæmd muni ekki valda almenningi eða umhverfi tjóni (þegar á heildina er litið – að mati vísindasamfélagsins) þá falli sönnunarbyrðin á framkvæmdaaðila.

Aðkoma vísindasamfélagsins er og verður lykilatriði í málefnalegri umfjöllun og í ákvarðanatöku um erfðabreyttar lífverur, en þessu atriði er ekki gefinn mikill gaumur í frumvarpinu eða athugasemdum með því. Úr því má t.d. bæta með umfjöllun um skipan og hlutverk ráðgjafarnefndar og umsagnaraðila.

“The precautionary principle is a moral and political principle which states that if an action or policy might cause severe or irreversible harm to the public or to the environment, in the absence of a scientific consensus that harm would not ensue, the burden of proof falls on those who would advocate taking the action.”

(wikipedia.org/wiki/Precautionary_principle – sótt 18/06/2009)

Ólafur S. Andrésson, prófessor í erfðafræði og námsbrautarstjóri líffræði